


Orkuveita Reykjavíkur  
Hlín Benediktsdóttir  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. júlí 2014  
Tilvísun: UST20140700095/bs

### Leyfi til framkvæmda á friðlýstu svæði - Rauðhólar/Elliðavatnslína

Þann 9. júlí 2014 barst Umhverfisstofnun umsókn um leyfi frá Orkuveitu Reykjavíkur til að plægja niður jarðstreng frá Suðurlandsvegi að Gvendarbrunnum. Í framhaldi af lagningu jarðstrengsins verður Elliðavatnslína sem er gömul loftlína fjarlægð. Ráðgert er að plægja rafstrenginn niður í um 1 m frá vegbrún.

Umhverfisstofnun telur að þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði er fast við núverandi veg muni framkvæmdin ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi Rauðhóla og að niðurrið Elliðavatnslínu muni bæta ásýnd svæðisins.

Framkvæmdin er að hluta innan Rauðhóla en svæðið var friðlýst sem fólkvangur með auglýsingi í Stjr. tíð. B, nr. 520/1975. Í reglum sem gilda um fólkvanginn segir m.a. að óheimilt sé að gera á svæðinu mannvirkni né gera jarðrask, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Framkvæmdin er innan vatnsverndarsvæðis og hefur framkvæmdaraðili gert áhættumat um mögulega mengunarhættu samfara framkvæmdinni.

Umhverfisstofnun veitir hér með leyfi fyrir framkvæmdinni með eftir farandi skilyrðum.

- Að frágangur verði vandaður.
- Að Umhverfisstofnun verði upplýst um framgang verksins.
- Að framkvæmdaraðili greiði tvær eftirlitsferðir með framkvæmdinni. Annars vegar þegar plægingu er lokið og hins vegar þegar niðurrið Elliðavatnslínu er lokið.

Innheimt gjald er samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar 11.200 kr pr klst.

Virðingarfyllst  
  
Gunnlaug H Einarsdóttir

Björn Stefánsson  
sérfræðingur